

**Samningur um Evrópska
efnahagssvæðið**

Sameiginlega EES-nefndin

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR

**nr. 13/94
frá 28. október 1994**

um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun)
við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með
bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir
samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 94/1/EB frá 6. janúar 1994 um aðlögun nokkurra
tækniatriða í tilskipun ráðsins 75/324/EBE um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi
úðabrúsa⁽¹⁾ skal felld inn í samninginn.

ÁKVEÐIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

Eftirfarandi bætist við 1. lið (tilskipun ráðsins 75/324/EBE) í VIII. kafla II. viðauka við
samninginn:

„, eins og henni var breytt með:

- 394 L 0001: Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 94/1/EB frá 6. janúar 1994 (Stjtið. EB
nr. L 23, 28. 1. 1994, bls. 28).“.

⁽¹⁾ Stjtið. EB nr. L 23, 28. 1. 1994, bls. 28.

2. gr.

Fullgiltur texti tilskipunar framkvæmdastjórnarinnar 94/1/EB á finnsku, íslensku, norsku og sænsku fylgir sem viðauki við útgáfu þessarar ákvörðunar á hverju máli fyrir sig.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 1. desember 1994, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

Gjört í Brussel 28. október 1994.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar
Formaður

H. Hafstein

Ritarar
sameiginlegu EES-nefndarinnar

P.K. Mannes

M. Sucker